

Nd.

925. Nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild bæjarstjórna og hreppsnefnda til dýrtíðar-ráðstafana.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Svo margt hefir verið ritað og rætt um dýrtíðarmál nú að undanfögnu, að vjer sjáum ekki ástæðu til að bæta þar miklu við. — Ekki skal heldur út í það farið, að hrekja þær staðleysur og getsakir sem staðið hafa í blöðunum og settar hafa verið í samband við dýrtíð og dýrtíðarráðstafanir. Blöðin hafa einkum beint orðum sínum að bændum þeim, sem sæti eiga á Alþingi. Öll þau ummæli hafa verið svo rakalaus að ekki tekur því að hrekja þau, enda munu þau hrynja af bændum eins og hagl í útsynningshreti, án þess að loða við og án þess að skilja eftir nokkurn blett á stétt þeirra.

Ekki getum vjer látið vera að geta þess, að vjer lítum svo á, að alt of mikið hafi verið að því gert, bæði á Alþingi og í blöðunum, að halda því fram, að svo mikil dýrtíð sje í landi að hallæri sje fyrir dyrum, ef ekki sjeu reistar öflugar skorður við því af löggjafarvaldinu, að afleiðingarnar verði ekki að tjóni. Ýmsir vilja að sett sjeu viðtæk og umsvifamikil lög til að varna því, að öll landsins börn verði dýrtíðinni og hallærinu að herfangi. Vjer verðum að líta svo á, að þjóðinni væri hollara að minna væri slegið á barlómsstrengina en gert hefir verið nú um tíma, að hollara væri að eyða orðum að því, að telja kjark og hugrekki í þá meðlimi þjóðfjelagsins, sem standa höllum fæti í baráttunni, örva þá til að taka hraustlega því sem mótdrægt er, mæta því með karlmensku. Íslenska þjóðin hefir oft á undanfögnu öldum þurft að horfa gegn geigvænlegum tímum og orðið að mæta því mótdræga í ýmsum myndum, oft hefir hún barist hraustlega við örðugleika þá, sem náttúra landsins hefir skapað henni verslunarólag, samgönguleysi og ýmislegt fleira. Ekki verður annað sagt yfirleitt, en að þjóðin hafi sýnt dug og þolgæði í baráttunni, þótt allstór ör hafi baráttan skilið í þjóðlífi voru — því miður. Er síst að undra þótt slík ör hafi orðið eftir eldgos, verslunareinokun og önnur ókjör, þegar litið er til þess, hver aðstaða þjóðarinnar var á þeim tímum í baráttunni við örðugleikana.

Ekki ber að skilja þessi ummæli svo, að vjer viljum draga úr því, að allar skynsamlegar ráðstafanir sjeu gerðar til þess að tryggja þjóðina sem best gegn öllu því, sem henni getur orðið til hnekkis á einhvern hátt. Þvert á móti. Vjer viljum leggja áherslu á það, að reynsla fyrri ára sje hagnýtt sem best, að menn læri af henni að varast það, sem orðið getur að tjóni og að komið sje í veg fyrir það í tíma, sem getur haft illar afleiðingar, svo sem með því að byrgja landið með nauðsynjavörum til tryggingar fyrir þeirri hættu, sem stafað getur af samgönguteppu.

Hins vegar verðum vjer að líta svo á, að rangt sje að halda því fram, að sú dýrtíð sje í landinu, að útlit sje fyrir hallæri, nema að því leyti sem stafað gæti af samgöngubanni. Allar vörur, sem framleiddar eru í landinu, eru í afarháðu verði, svo háu, að fullkomlega jafnast við þá verðhækkun, sem enn er orðin á aðkeyptum nauðsynjavörum. Af þessu leiðir það, að lítil ástæða er til að fást um dýrtíð meðal þeirra manna, sem eitthvað framleiða, eða hjá þeim, sem eru á framfærslu með þeim. En svo er um langmestan hluta landsbúa. Þessi hópur allur á því að vera undanskilinn öllu dýrtíðarhjalinu. Nokkuð öðru máli er að gegna um þá, sem lifa að eins af vinnulaunum sínum. Búast má við, að þeir hafi ekki alment fengið þá hækkun á verkkaupi, sem eðlileg er og sem vegi á móti verðhækkuninni, og sem ætti að vera samfara hækkun á verði framleiðslunnar. Þó kaup verkamanna hafi víðast á landinu hækkað til muna, þá eru þeir sem lifa af vinnulaunum sínum, enn sem komið er, ver settir en þeir sem framleiða. Þessir menn eru auðvitað margir, en þó mikill minni hluti þjóðarinnar. Hjer er því ekki að ræða um vont árferði alment, heldur að eins misæri.

Einkum er það vinnulýður í kaupstöðum og sjóþorpum, sem harðast verður úti, meðan hann fær ekki þá hækkun á vinnulaunum, sem eðlileg er og nauðsynleg til að halda jafnvægi milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda. Þessir menn eru því þeir, sem til greina geta komið, þegar gera á dýrtíðarráðstafanir þeim til hjálpar, sem verst eru settir, það er aðrar ráðstafanir en þær, sem miða að því að tryggja alla landsbúa jafnt fyrir þeirri hættu, sem stafað gæti af því, að samgöngur teppist eða viðskifti heftist á einhvern hátt.

Þar sem hjer er ekki að ræða um alment harðæri, heldur að eins misæri, sem kemur niður að eins á nokkrum hluta þjóðarinnar, getum vjer ekki fallist á, að rjett sje að gera dýrtíðarráðstafanir í því formi, sem gert var ráð fyrir í frumvarpi um almenna dýrtíðarhjálp, sem komið hefir fram í háttvirtri neðri deild og sem tekið hefir verið aftur af flutningsmanni þess. Þar var gert ráð fyrir því, að landssjóður legði beinlínis fram fje til styrkveitingar þeim, sem þurfsandi kunna að verða vegna verðhækkunar á vörum, veitti þeim styrk á sama hátt og sveitasjóðir veita fátækum mönnum, sem ekki eru efnalega sjálfhjarga. Sú aðferð er ekki rjettlát, vegna þess, að hún mundi koma mjög misjafnlega niður. Að eins nokkrir hlutar landsins mundu að líkindum þurfa á slíkri hjálp að halda, eftir því sem dæmt verður af útliti nú. Í þessu sambandi má á það benda, að oft hefir áður verið misæri í landi og engum dottið í hug, að landsjóður ætti að jafna allan halla, sem einstakir menn og einstök bygðarlög hafa orðið fyrir af því. Þannig má á það minna, að ekki er langt síðan að búnaður manna á Suðurlandi varð fyrir mjög tilfinnanlegum hnekki vegna illa verkaðs fóðurs og þar af leiðandi óhreysti í búfje. Engum datt þó í hug að landssjóður ætti að leggja mönnum til almennan fátækrastryk. Þannig mætti lengi telja.

Það sem landssjóður á að gera í þeim kringumstæðum sem nú eru, er það, að leggja fram fje til þess að byrgja af aðfluttum nauðsynjavörum eftir því sem hann getur og eftir því sem vitrir menn álíta að með þurfi til þess að geta mætt því sem að höndum ber. Þessum vörum á ekki að útbýta sem styrk til manna. Landssjóður á að bera sitt upp úr vörunum, að svo miklu leyti sem hægt er. Hitt er sjálfsagt, að á honum lendi það skakkafall, sem af því kann að verða að vörur falla í verði, af vörurýrnun og öðru þess háttar.

Til að reyna að finna aðra heppilegri leið í þessu máli, er frumvarp það fram komið, sem oss hefir verið falið til athugunar. Þar er gert ráð fyrir því, að gefa bæjarstjórnnum og hreppsnefndum heimild til þess að jafna niður sjerstöku gjaldi, sem svo sje varið þeim til bjargar, sem liðsinnis þurfa, vegna hins háa vöruverðs. Oss dylst það ekki, að sanngjarnt er að láta hvert bæjar- og sveitarfjelag hafa tók á því, að hjálpa þeim sem miður mega, án þess að slík hjálp verði að teljast sveitarstyrkur og verði þannig skerðing á heiðri og mannrjettindum þeirra sem þiggja. Það sem oss finst einkum mæla með þessu fyrirkomulagi fram yfir það, að verja fje úr landssjóði til beinnar dýrtýðarhjálpur er það, að á þennan hátt kemur framlagið til hjálparinnar í flestum tilfellum á þá, sem eru vinnuveitendur þeirra, sem hjálparinnar eiga að njóta. Auðvitað eru undantekningar frá þeirri reglu, en víða mundi það verða aðalreglan á þeim stöðum, sem nota þyrftu lög í þessa átt. Þetta verður að álitast þýðingarmikið atriði, sem til greina verði að koma við þessar ráðstafanir. Í öllum sveitum og bæjum eru bæði framleiðendur — vinnuveitendur — og vinnuþiggjendur. Framlagið til dýrtýðarhjálpurinnar mundi að mjög miklu leyti koma niður á framleiðendunum, enda mundu þeir best þola það undir núverandi kringumstæðum. Þessi aðferð er í fullu samræmi við það, sem áður hefir tíðkast, þegar misæri hefir verið í landi, þó með þeirri endurbót, að sjeð er fyrir því, að hlutaðeigendur verði ekki að láta af hendi mannrjettindi sín fyrir hjálpina. Áður hafa þeir, sem borið hafa skarðan hlut frá borði, vegna misæris, ekki átt annars kost en »fara á sveitina« og taka við öllum þeim óþægindum, sem því fylgja.

Nokkuð sjerstaklega mun standa á hjer í Reykjavík. Svo virðist sem vinnulaun daglaunamanna hafi hækkað minna hjer en víðast annarsstaðar, og að m. k. tæplega á móts við verðhækkun á lífsnauðsynjum. Hjer eru einnig fleiri menn en annarstaðar sem lífa af föstum árslaunum. Þeir menn þola dýrtíðina verst, ef launin eru lág. En hjer í Reykjavík eru líka þeir menn búsettir, sem mestan gróða hafa allra landsmanna af rikulegum sjávaraflla og háu verði á hönum.

Vjer höfum leyft oss að koma fram með breytingartillögur á sjerstöku þingskjali við frumvarpið á þingskjali 705. Eru þær svo ljósar, að vjer sjáum ekki ástæðu til að fjölyrða um þær í nefndaráliti. En vjer viljum mæla sem best með því, að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögum vorum.

Neðri deild Alþingis, 10. sept. 1915.

Þórarinn Benediktsson,
skrifari og framsögum.

Pjetur Jónsson.

Guðm. Hannesson,
með fyrirvara.